

# Siglufjarðarkaupstaður

## Skólaskrifstofa

Gránugötu 24 – 580 SIGLUFJÖRÐUR  
Sími 460 5600 – Bréfsími 460 5601  
Veffang: <http://www.siglo.is> – netfang: [skolaskr@siglo.is](mailto:skolaskr@siglo.is)



Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/621  
komudagur 15.12.2004

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Forstöðumenn skólaskrifstofa á Mið-Norðurlandi (sjá neðar) komu saman til fundar á Siglufirði og tóku m.a. til meðferðar þingskjal nr. 24/2004 sem er tillaga til þingsályktunar um stofnun sérkennslu – og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Víst er að nemendum með geðrænan og félagslegan vanda hefur fjölgað mjög á undanförunum árum. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er ekki hægt að sinna kennslu þessara barna í venjulegri bekkjardeild án verulegs stuðnings. Einnig veldur nærvera slíkra nemenda mikilli truflun og óróleika meðal annarra nemenda sem ekki geta nýtt sér kennsluna sem skyldi.

Við undirritaðir erum sammála því sem fram kemur í greinargerðinni með tillögunni að „það þoli ekki bið að vinna að útbótum í málefnum barna með geðrænan og félagslegan vanda í grunnskólakerfinu“. En við teljum einsýnt að horfa þurfi til fleiri leiða við lausn þessa vanda en að stofna eina miðlæga þjónustustofnun. Viljum við í því sambandi benda á, að nú er lögð áhersla á að sérhver skóli sinni öllum nemendum. Því þarf að gera okkur það kleift með auknu fjármagni og aukinni menntun til handa starfsfólki. Einnig er nauðsynlegt að gott aðgengi sé að öflugri ráðgjöf vegna málefna þessara barna.

Siglufirði 9. desember 2004

Fyrir hönd fundarmanna

Pétur Garðarsson



Fundinn sátu:

Fræðslustjóri A-Húnavatnssýslu, Guðjón E. Ólafsson  
Forstöðumaður Skólaskrifstofu Skagfirðinga, Rúnar Vífilsson  
Forstöðumaður Skólaskrifstofu Siglufjarðar, Pétur Garðarsson  
Forstöðumaður Skólaskrifstofu Dalvíkur/Ólafsfjarðar, Óskar Þ. Sigurbjörnsson